

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr. 34/1953. **Guðmundur H. Þórðarson**  
 gegn  
**Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.**

### **Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 125.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1953.

Nr. 18/1952. **Lúðvík Eggertsson** (Einar B. Guðmundsson)  
 gegn  
**Steini Jónssyni** (Lárus Jóhannesson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.**

Framsál dómsskuldar og aðfararveðs.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Kristján Kristánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að stefndi hafi glatað rétti gagnvart áfrýjanda, með því að verða við tilmælum Brands Brynjólfssonar um frestun uppboðs fram til 10. september 1951.

Það er fram komið í málinu, að Brandur Brynjólfsson greiddi dómhafa kr. 3200.00 af skuldinni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1950, en stefndi greiddi kr. 26492.88. Telja verður, að stefndi hafi fengið framsal á þeim hluta dómskuldarinnar, sem hann greiddi, svo og aðfararveði samkvæmt fjárnámssgerð 17. janúar 1951, þinglesinni 19. s. m. Framsal þetta fór fram án atbeina áfrýjanda og á hann því ekki að bera neinn aukinn kostnað af þeim sökum. Á stefndi því ekki rétt til innheimtulauna né greiðslu aukins uppboðskostnaðar úr hendi áfrýjanda. Svo á stefndi og aðeins rétt til 6% ársvaxta af kr. 25000.00 frá 17. maí 1951 til greiðsludags.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjandi úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja á að bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 1. febrúar 1952.

Þann 20. sept. 1951 sendi uppboðsbeiðandi, Steinn Jónsson hdl., uppboðshaldaranum í Reykjavík bréf ásamt eftirriti af fjárnámssgerð, sem fram hafði farið þann 17. janúar 1951 í fasteignunum nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, hér í bænum, eign Lúðvíks Eggertssonar, og krafðist þess, að eignir þessar yrðu seldar á nauðungaruppboði til fullnægju skuldar að fjárhæð kr. 29 692.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1951 til greiðsludags og innheimtulaunum svo og öllum kostnaði við uppboðið. Í ábyrgðarbréfi, dags. 24. sept. síðastliðinn, tilkynnti uppboðshaldari eiganda eignanna, Lúðvík Eggertssyni, um sölubeiðni þessa og var uppboðsauglýsingin því næst send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 8. október f. á. Þann 28. nóvember 1951 var nauðungaruppboð á eignum þessum því næst tekið fyrir á eignunum sjálfum og mætti þar þá eigandi þeirra. Mótmælti hann þegar, að uppboðið færi fram og var ágreiningur þessi tekinn undir úrskurð þann 23. f. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málflutningslauna.

Eins og áður segir, fór fjárnám fram á eignunum nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, hér í bænum, þann 17. jan. 1951 og skráð sem aðfararveð á eignunum 19. sama mánaðar. Var fjárnám þetta framkvæmt samkvæmt kröfu Magnúsar Thorlacius hrl. f. h. Sigurðar nokkurs Sigurðssonar til tryggingar skuld samkvæmt dómi, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 14. okt. 1950 í málinu Sigurður Sigurðsson gegn Brandi Brynjólfssyni og Lúðvík Eggertssyni, en í þeim dómi voru þeir dæmdir in solidum til að greiða Sigurði Sigurðssyni kr. 25 000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. sept. 1950 til greiðsludags,  $\frac{1}{2}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 82.35 í afsagnar-kostnað og stimpilkostnað og kr. 1850.00 í málskostnað. Með beiðni, dags. 14. marz 1951, krafðist Magnús Thorlacius hrl. því næst þess, að fram færi nauðungaruppböð á fasteignum þessum til fullnægju þessum kröfum auk viðbótarkostnaðar við málsskot m. m., en 15. maí 1951, sama daginn og nauðungaruppböð þetta skyldi tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur, afturkallaði hann uppboðið, en 2 dögum síðar eða 17. maí 1951 er svohljóðandi áritun gerð á fjárnámsgerðina:

„Veðskuld samkvæmt framanritaðri fjárnámsgerð er í dag að fullu greidd með kr. 29 692.88 og framselst hér með handhafa.“

Áritun þessi er undirrituð af Oddgeiri Magnússyni hdl. f. h. Magnúsar Thorlacius hrl., en Oddgeir er fulltrúi hans. Þann 21. maí sama ár áritar uppboðsbeiðandi, Steinn Jónsson, fjárnámsgerð þessa svofelldri yfirlýsingu:

„Handhafi skuldbindur sig til að krefja ekki um ofangreinda veðskuld fyrr en 10. september 1951.“

Í máli þessu hefur uppboðsbeiðandi talið rétt sinn til að leita fullnægju í eignum þessum ótvíræðan. Með áritun á fjárnámsgerðina hafi hann fengið dómskuldina ásamt fjárnámsgerðinni framselda frá upphaflegum skuldareiganda. Að visu hafi samskuldari Lúðvíks, Brandur Brynjólfsson hdl., verið milligöngumaður um þetta og hafi hann gert þetta vegna tilmæla hans, en fjarri sé því, að hann hafi lánað Brandi þessa fjárhæð, enda hafi hann fengið fjárnámsgerð þessa í hendur beint frá fyrri skuldareiganda og með framsali hans og hafi hann verið í þeirri trú, að Brandur kæmi þar einnig fram sem umboðsmaður samskuldara síns. Yfirlýsinguna um 4 mánaða frestinn kveðst hann hafa ritað á fjárnámsgerðina samkvæmt beiðni Brands, enda hafi átt á því tímabili að greiða fjárnámskröfuna að fullu.

Uppboðspoli hefur aftur á móti haldið því fram, að fjárnámsgerð sú, sem liggur til grundvallar nauðungaruppböði þessu, hafi fallið úr gildi um leið og greiðsla fór fram á skuldinni til Magnúsar Thorlacius hrl. Hafi uppboðsbeiðandi veitt Brandi Brynjólfssyni hdl., samskuldara eiganda eignanna, lán það, sem þurfti til fullnægju þeirrar greiðslu. Hafi Brandur með greiðslu dómskuldarinnar orðið eigandi að dómkröfunni og fjárnámið þar með fallið úr gildi og telur hann það engu máli skipta, þótt skráning aðfararveðsins hafi ekki verið afmáð. Þá heldur uppboðspoli því fram, að þótt uppboðsbeiðandi hefði leyst til sín dómskuldina,

þá væri fjárnámið allt að einu fallið niður, þar sem samið hefði verið um greiðslufrest á fjárnámskröfunni án atbeina uppboðspóla og án þess að leita samþykkis hans.

Það er óumdeilt í máli þessu, að uppboðsbeiðandi hefur lagt fram meiri hluta þess fjár, sem þurfti til þess að losa fasteignir uppboðspóla undan nauðungarsölu dag þann, er uppboðið skyldi fara fram, 15. maí 1951. Hins vegar er það ósannað, að uppboðsbeiðandi hafi veitt Brandi Brynjólfssyni persónulega þetta lán, enda verður að telja sannað með fyrrgreindri yfirlýsingu á fjárnámsgerðinni, sem virðist eftir orðum sínum taka bæði til dómskuldarinnar og fjárnámsgerðarinnar, að hér hafi verið um beint framsal að ræða frá fyrri skuldareiganda til uppboðsbeiðanda. Að vísu virðist ekki hafa verið leitað samþykkis uppboðspóla fyrir frestun á greiðslu skuldarinnar, en telja verður, að uppboðsbeiðandi hafi mátt treysta því, að Brandur Brynjólfsson, sem er starfandi lögfræðingur, hefði umboð hans til þessara aðgerða, þar sem líka þar við bætist, að uppboðsbeiðandi gat vænt þess, að án slíkra aðgerða myndu eignir uppboðspóla verða seldar nauðungarsölu þá þegar og væri því þessi frestur eigi síður honum í hag.

Að þessu athuguðu þykir verða að leyfa framgang hins umbeðna nauðungaruppboðs.

Rétt þykir, að málf lutningslaun til aðilja falli niður í máli þessu.

#### Því úrskurðast:

Hið umbeðna nauðungaruppboð skal fara fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Málf lutningslaun til aðilja falli niður.